



Norðurlandaráð samþykkir tímamótaályktun - um stöðvun á námuvinnslu á hafsbótnei

Reykjavík, 31. Október 2024

Norðurlandaráð hefur á fundi sínum í Reykjavík náð mikilvægu samkomulagi um verndun hafsins. Mikill meirihluti þingmanna í Norðurlandaráði greiddi atkvæði með ályktun um stöðvun námuvinnslu á djúpsævi. Ályktunin naut stuðnings þingmanna frá öllum Norðurlöndunum og sendir skýr skilaboð til Íslands og Noregs um að styðja önnur norræn ríki með því að taka eindregna afstöðu gegn námuvinnslu á hafsbótnei, utan 200 mílna efnahagslögsögu ríkja.

Þingmenn Norðurlandaráðs funduðu í Reykjavík í vikunni og lögðu áherslu á brýna nauðsyn þess að vernda lífríki djúpsævisins gegn námuvinnslu á hafsbótnei. Danmörk, Finnland og Svíþjóð hafa áður stutt tímabundna stöðvun á námugreftri á djúpsævi – en þau eru hluti af þeim 32 löndum sem tekið hafa afstöðu gegn námuvinnslu á hafsbótnei. Ályktunin undirstrikar nauðsyn þess að Norðurlöndin taki sameiginlega afstöðu með verndun hafsins, einkum verndun líffræðilerar fjölbreytni.

Námugróftur á djúpsævi á alþjóðlegu hafsvæði utan 200 mílna efnahagslögsögu ríkja er stjórnað af Alþjóðahafsbótnsstofnuninni, sem tengist Sameinuðu þjóðunum. Öll Norðurlönd eiga aðild að stofnuninni og geta haft áhrif á ákvarðanatöku á þeim vettvangi, en stofnunin er nú að að semja um reglur um námuvinnslu sem gera stofnuninni kleift að gefa út nýtingarleyfi strax árið 2026.

Námugróftur á djúpsævi eru vaxandi áhyggjuefni víða um. Þar eð Norðurlöndin gegna mikilvægu hlutverki í hnattrænu samstarfi um verndun umhverfisins er mikilvægt að þau leiði sameiginlega baráttuna fyrir verndun hafsbótnsins og veiti öðrum ríkjum gott fordæmi

Í ályktuninni er hvatt til þess að ríkisstjórnir Norðurlanda gefi Norðurlandaráði skýrslu innan þriggja mánaða um þær aðgerðir sem stjórnvöld hyggist grípa til og hvernig þau muni bregðast við tilmælum Norðurlandaráðs.

Ísland er enn eina Norðurlandþjóðin fyrir utan Noreg sem hefur enn ekki stutt kröfuna um tímabundið hlé á námugreftri á hafsbótnei. Umhverfisráðherra hefur í svari við fyrirspurn Andrésar Inga Jónssonar upplýst Alþingi um að hann fylgist með þróun mála og íhugi viðbrögð.

Íslensk og alþjóðleg félagasamtök hafa sent ríkisstjórn Íslands bréf og skorað á Ísland að styðja stöðvun á námugreftri á djúpsævi. Í því bréfi segir:

Ákvörðun Norðmanna gæti haft bein áhrif á fiskveiðar Íslendinga, veikt viðnámsþol staðbundinna vistkerfa og ógnað náttúru Norðurslóða.

Ríkisstjórn Noregs knýr nú á um útgefðu leyfa þegar á næsta ári fyrir námugreftri á djúpsævi á norðurslóðum. Ályktun Norðurlandaráðs sendir því skýr skilaboð til norskra stjórnvalda en hún beinist þó eingöngu að alþjóðlegu hafsvæði.



Í umræðunni bentu nokkrir þingmenn á að áform séu uppi um námugróft á hafsbotni á nokkrum af viðkvæmstu vistkerfum heims og að slík starfsemi gæti grafið undan skuldbindingum ríkja um verndun hafsins. Jafnframt ógnar slík starfsemi fiskveiðum.

Landvernd

Náttúruverndarsamtök Íslands



Viðhengi:

Reykjavík 9. Janúar 2024

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra
Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra
Bjarni Benediktsson, utanríkisráðherra
Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku og loftslagsráðherra

Vistkerfi sjávar er í bráðri hættu vegna loftslagsbreytinga, mengunar og ört hnignandi lífbreytileika.

Á sama tíma eru málefni hafsins vettvangur þar sem Ísland getur tekið forystu um verndunaraðgerðir. Við viljum upplýsa um áform sem munu hafa mikil og óafturkræf áhrif á vistkerfi hafsins: Fyrirætlanir um námugróft á djúpsævi.

[Djúpsævið gegnir lykilhlutverki](#) í að halda stöðugleika loftslagsins. Djúpsævi, sá hluti hafssvæðanna sem nær niður fyrir 200 metra, er stærsta geymsla koltvísýrings á jörðinni, þar sem hann hverfur úr andrúmslofti og safnast saman á náttúrulegan hátt. Djúpsævi hefur gleypt um 25% af manngerðri koltvísýringslosun síðan 1990 og mun því gegna lykilhlutverki í viðbrögðum við loftslagsógninni.

Talið er að um [2,2 milljónir tegunda dýra](#) eigi heimkynni sín á djúpsævi en um 90% þeirra eru að mestu eða öllu ókunn vísindunum. Þótt vísindafolk viti minna um hafsbotninn en yfirborð tunglsins er ljóst að námugróftur á djúpsævi getur dregið úr getu vistkerfis hafdjúpanna til að fjarlægja kolefni úr andrúmsloftinu og þurrkað út dýrategundir sem vísindin hafa enn ekki rannsakað.

Í ljósi þeirra varanlegu áhrifa sem námugróftur á 200 metra dýpi eða neðar mundi hafa á líffræðilegan fjölbreytileika sjávar, þar með talin áhrif á fiskveiðar, fæðuöryggi og loftslag, [kallar vísindasamfélagið](#) eftir því að ríki heims stöðvi tafarlaust fyrirætlanir um námuvinnslu á djúpsævi. Nú þegar hafa [24 ríki tekið undir ákallið](#) og ýmist lýst yfir stuðningi við stöðvun, hlé eða bann við

námuvinnslu á djúpsævi. Á meðal þeirra ríkja sem hafa tekið afstöðu eru Kanada, Þýskaland, Frakkland, Finnland og Svíþjóð. Þá hafa Evrópuþingið og fulltrúar 34

þjóða frumbyggja hvatt ríki heims til að samþykkja alþjóðlegt bann við námugrefti á djúpsævi.

Fyrirtæki í sjávarútvegi, fjármálastofnanir með eignir sem nema 3,3 milljörðum bandaríkjadala, og 38 fjölþjóðleg stórfyrirtæki á borð við Google, Volvo, Volkswagen og Samsung hafa sömuleiðis tekið undir ákallið.



Þrátt fyrir vaxandi andstöðu við þennan iðnað hefur ríkisstjórnin Noregs lýst því yfir að hún vilji kanna hvort opna eigi fyrir djúpsjávarnámugróft á norsku landgrunni, á svæði sem er að flatarmáli um þrisvar sinnum stærra en Ísland. Þetta svæði teygir sig langt inn á Norður-Íshafið, sem er bæði mjög viðkvæmt og enn að miklu leyti óspillt. Innan þessa flæmis eru stór svæði sem hafa verið skilgreind sem líffræðilega mikilvæg eða í hættu.

Ákvörðun Norðmanna gæti haft bein áhrif á fiskveiðar Íslendinga, veikt viðnámsþol staðbundinna vistkerfa og ógnað náttúru Norðurslóða.

Í ljósi þess hversu brýnt þetta mál er leggjum við áherslu á að Ísland taki afstöðu gegn námuvinnslu á djúpsvæði, bæði á Norðurslóðum og í alþjóðlegum samningaviðræðum á vegum Alþjóða-hafsbotnsstofnunarinnar (e. International Seabed Authority, ISA), þar sem Ísland hefur til þessa verið fjarverandi.

Við hvetjum íslensk stjórnvöld til

- að koma á framfæri áhyggjum sínum við norsk stjórnvöld, og leggja að þeim að stöðva opunarferli fyrir námugróft á djúpsævi Norðurslóða þar til rannsóknir hafa farið fram sem sýni með óyggjandi hætti fram á að námuvinnsla skaði ekki líffræðilegan fjölbreytileika sjávar
- að taka undir ákall um stöðvun á djúpsjávarnámuvinnslu á alþjóðlegum hafsvæðum.

Okkar samtök eru ávallt reiðubúin til uppbyggilegrar samræðu um þessi efni. Og við veitum gjarnan frekari upplýsingar um þetta málefni.

Við treystum á að Ísland taki þátt í ákalli um stöðvun námavinnslu á djúpsævi, til verndar hafdjúpunum sem við reiðum okkur öll á.


Virðingarfyllst,

SVIVS (Skjálfandi.org)

NASF - Norður-Atlantshafslaxsjóðurinn

Fuglavernd

Landvernd



Sources: Norwegian Petroleum Directorate; NLOD; Institute of Marine Research; WDPA